



*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/1104*  
*komudagur 20.2.2007*

SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis  
bt. menntamálanefndar  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 19. febrúar 2007  
Tilv.: 0702003

Menntamálanefnd sendi Samkeppniseftirlitinu frumvarp til laga um námsgögn, 511. mál, til umsagnar. Vegna mistaka af hálfu eftirlitsins hefur dregist að senda umbeðna umsögn og er beðist velvirðingar á því.

Samkeppniseftirlitið hefur fjallað um starfshætti Námsgagnastofnunar í álit nr. 2/2006 sem beint var til menntamálaráðherra, *Erindi er varða samkeppnishamlandi starfshætti og lagaumhverfi Námsgagnastofnunar við útgáfu og sölu kennsluefnis fyrir grunnskólanema*, og í ákvörðun nr. 40/2006, *Erindi er varða samkeppnishætti Námsgagnastofnunar við útgáfu og sölu kennsluefnis fyrir grunnskólanema*.

Í álit Samkeppniseftirlitsins var m.a. þeim tilmælum beint til ráðherra að beita sér fyrir því að laga- og reglugerðarumhverfi Námsgagnastofnunar yrði tekið til skoðunar með hliðsjón af markmiði og ákvæðum samkeppnislaga. Þá var kveðið á um fjárhagslegan aðskilnað hjá Námsgagnastofnun í ákvörðun nr. 40/2006 á milli annars vegar þeirrar starfsemi sem felst í að selja útgefið efni stofnunarinnar á almennan markað í samkeppni við einkaaðila og hins vegar þeirrar starfsemi sem tengist því lögbundna hlutverki hennar að sjá grunnskólum landsins fyrir náms- og kennslugögnum.

Í frumvarpi til laga um námsgögn hefur verið tekið tillit til sjónarmiða Samkeppniseftirlitsins eins og þeim er lýst í framangreindri ákvörðun nr. 40/2006 og álit nr. 2/2006. Í því sambandi vísast til 5. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Samkeppniseftirlitið telur með vísan til þessa að ákvæði frumvarpsins samræmist markmiði og ákvæðum samkeppnislaga.

Virðingarfyllt,  
Samkeppniseftirlitið

  
Guðmundur Sigurðsson